



## Viðauki við gjaldskrá Íþróttamiðstöðvar 2022

### um útleigu á íþróttamiðstöð fyrir aðra starfsemi en íþróttaviðburði

**1.gr.** Heimilt er að leigja félagasamtökum Íþróttamiðstöðina undir ráðstefnur, fundi, vörukynningar, tónleika, dansleiki og aðra mannfagnaði fyrir almenning, félagasamtök og opinberar samkomur ef annað húsnæði í bæjarfélaginu sem er í útleigu hentar ekki eða er ekki laust á þeim tíma sem sótt er um.

**2.gr.** Leggja skal inn umsókn um leigu til forstöðumanns íþróttamannvirkja Fjallabyggðar. Úthlutar umsjónarmaður húsinu að fengnu samþykki fræðslu og frístundanevndar/bæjarstjórnar Fjallabyggðar. Ekki er tekið við umsóknum með meira en 12 mánaða fyrirvara.

**3.gr.** Verði leiga íþróttasalar samþykkt samkvæmt ofangreindu þarf leigutaki að gangast undir eftirfarandi skilyrði:

- a) Leigutaki tilgreinir ábyrgðaraðila sem gengur persónulega í ábyrgð fyrir skaða og tjóni sem hugsanlega getur orðið á munum og mannvirki á leigutíma.
- b) Leigutaki ber allan kostnað af undirbúningi, framkvæmd og frágangi vegna leigu íþróttasalar.
- c) Strangar kröfur um gæslu sem leigutakar leggja sjálfir fram.
- d) Starfsmaður íþróttamiðstöðvar sé á vakt og gæti hann að undirbúningi og vörnum í sal og húsnæði til að sporna við tjóni.
- e) Reykingar og notkun áfengis er bannað í og við íþróttamiðstöð. Áfengisveitingar eru heimilar í undantekningartilfellum og þarf að sækja um það sérstaklega til fræðslu og frístundanevndar/bæjarstjórnar.
- f) Ef áfengisveitingar eru leyfðar skulu lög og reglur um aldurstakmark vera virtar án nokkurra undantekninga. Leyfisveitingar skulu vera í lagi.
- g) Eftir útleigu skal forstöðumaður íþróttamannvirkja taka út ástand hússins og gera strax skriflegar athugasemdir ef einhverju er ábótavant. Ber leigutaka að bæta tjón sem hlotist hefur.

**4.gr. Gjaldskrá vegna útleigu íþróttamiðstöðvar til stærri viðburða. Leiga skal greidd fyrirfram.**

#### **A) Salarleiga**

- 1) Fyrir hverjar byrjaðar 6 klst. 40.960 kr.
- 2) Fyrir allan íþróttasalinn í sólarhring 129.500 kr.
- 3) Fyrir allan íþróttasalinn í eina helgi 247.800 kr.
- 4) Ef vinnveitingar eru leyfðar leggst 20% álag ofan á salarleigu.
- 5) Þrifgjald maður pr. klst. 5.940 kr.

#### **B) Salarleiga og sundlaug**

- 1) Fyrir hverjar byrjaðar 6 klst. 57.350 kr.
- 2) Fyrir allan íþróttasalinn og sundlaug í sólarhring 172.650 kr.
- 3) Fyrir allan íþróttasalinn og sundlaugina yfir eina helgi 358.400 kr.
- 4) Ef vinnveitingar eru leyfðar leggst 20 % álag ofan á salarleigu.
- 5) Þrifgjald maður pr. klst. 5.940 kr.

**C) Salarleiga, sundlaug og líkamsrækt**

- 1) Fyrir hverjar byrjaðar 6 klst. 75.570 kr.
- 2) Fyrir alla íþróttamiðstöðina í sólarhring 231.950 kr.
- 3) Fyrir alla íþróttamiðstöðina yfir eina helgi 463.870 kr.
- 4) Ef vínveitingar eru leyfðar leggst 20% álag ofan á salarleigu.
- 5) Þrífjald maður pr. klst. 5.940 kr.

**D) Salarleiga og líkamsrækt**

- 1) Fyrir hverjar byrjaðar 6 klst. 59.390 kr.
- 2) Fyrir allan íþróttasalinn og líkamsræktina í sólarhring 188.400 kr.
- 3) Fyrir allan íþróttasalinn og líkamsræktina eina helgi (föst-sun) 358.400 kr.
- 4) Ef vínveitingar eru leyfðar leggst 20% álag ofan á salarleigu.
- 5) Þrífjald maður pr. klst. 5.940 kr.

**E) Sundlaug**

- 1) Fyrir hverjar byrjaðar 6 klst. 17.400 kr.
- 2) Fyrir sundlaugina í sólarhring 46.080 kr.
- 3) Fyrir sundlaugina eina helgi (föst-sun) 110.600 kr.
- 4) Vínveitingar eru ekki leyfðar í sundlaug
- 5) Þrífjald maður pr. klst. 5.940 kr.

**F) Líkamsrækt**

- 1) Fyrir hverjar byrjaðar 6 klst. 20.500 kr.
- 2) Fyrir líkamsræktina í sólarhring 61.450 kr.
- 3) Fyrir líkamsrækt eina helgi (föst-sun) 117.750 kr.
- 4) Vínveitingar eru ekki leyfðar í líkamsrækt
- 5) Þrífjald maður pr. klst. 5.940 kr.

Samþykkt af bæjarstjórn 1. desember 2021.